

HÁSKÓLAKÓRINN OG
SINFONÍU HLJÓMSVEIT UNGA FÓLKSINS

O FORTUNA!

CARMINA BURANA

STJÓRNANDI: GUNNSTEINN ÓLAFSSON

LANGHOLTSKIRKJA

23. nóvember 2019 - kl: 17:00

24. nóvember 2019 - kl: 17:00

25. nóvember 2019 - kl: 20:00





Tónlistarsjóður



„FERSKASTA ÍSLENSKA SKÁLDSAGAN!“

MÁLLEYSINGJARNIR EFTIR PEDRO GUNNLAUG GARCIA

Í þessari glæsilegu skáldsögu segir frá ungu fólki í flóknum og um sumt fjandsamlegum heimi, en um leið er umbrotaskeiði lýst í fjörmikilli frásögn sem einkennist í senn af frjóu ímyndunarafli og sterkri tilfinningu fyrir sérkennum fólks og sögu. Hér er óhætt að segja að kveði við nýjan tón í íslenskum bókmenntum!



„Sterk saga um einmanaleikann en á sama tíma furðuleg og afskræmd ástarsaga. Ferskasta íslenska skáldsaga sem ég hef lesið í langan tíma.“

Tómas Ævar Ólafsson,
bóksali í Bókabúð Máls og menningar



Goodreads

Tryggvi M. Baldvinsson:

Konsert fyrir klarinetu og hljómsveit

1. Adagio misterioso. Allegro
2. Adagio molto
3. Allegro molto

Einleikari: Baldvin I. Tryggvason klarinett

HLÉ

Carl Orff: Carmina Burana

Fortuna imperatrix mundi

1. O fortuna
2. Fortune plango vulnera

I. Primo vere

3. Veris leta facies
4. Omnia sol temperat
5. Ecce gratum
6. Tanz
7. Floret silva
8. Chramer, gip die varwe mir
9. Reie
10. Were diu werlt alle min

II. In taberna

11. Estuans interius
12. Olim lacus colueram
13. Ego sum abbas
14. In taberna quando sumus

III. Cour d'amours

15. Amor volat undique
16. Dies, nox et omnia
17. Stetit puella
18. Circa mea pectora
19. Si puer cum puellula
20. Veni, veni, venias
21. In trudina
22. Tempus et iocundum
23. Dulcissime

Blanziflor et Helena

24. Ave formosissima

Fortuna Imperatrix mundi

25. O fortuna

Einsöngvarar:

Sólveig Sigurðardóttir sópran
Þorsteinn Freyr Sigurðsson tenór
Guðmundur Karl Eiríksson baritón

Háskólakórinn

Félagar úr Drengjakór Reykjavíkur
Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

Stjórnandi: Gunnsteinn Ólafsson

Tryggvi M. Baldvinsson: Konsert fyrir klarínettu og hljómsveit

Verkið er upphaflega samið fyrir klarínettu og blásarasveit og var frumflutt af Sveinhildi Torfadóttur klarínettuleikara og blásarasveit Konunglegu tónlistarakademíunnar í Gent í Belgíu undir stjórn höfundar árið 2002. Verkið hlaut íslensku tónlistarverðlaunin sem klassískt verk ársins 2003. Verkið hefur síðan tvívegis verið flutt af Blásarasveit Reykjavíkur, annars vegar með Sveinhildi sem einleikara árið 2003 og síðar árið 2007 þar sem Helga Björg Arnarsdóttir fór með einleikshlutverkið. Það hefur lengi verið ætlunin að umrita verkið fyrir sinfóníuhljómsveit og þegar þetta tækifæri gafst var ekki til baka snúið. Konsertinn er í þremur köflum og ber flest merki hins sígilda einleikskonserts. Tónefni fyrsta þáttar er að mestu leyti byggt á litlu mótífi lítillar og stórrar þríundar, meðan annar þátturinn snýst að miklu leyti um hreina og stækkaða ferund yfir liggjandi orgelpunkti á tóninum F. Þriðji þátturinn er svo kraftmikill, hraður og glaðvær, eitthvað sem höfundi þykir tilhlýðilegt í konsert fyrir ungan einleikara. Konsertinn gerir miklar kröfur til einleikarans jafnt tæknilega sem og úthaldslega en konsertinn tekur um 25 mínútur í flutningi.

Tryggvi M. Baldvinsson (1965) er tónskáld og forseti tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Hann stundaði nám í tónsmíðum og píanóleik við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík og síðar framhaldsnám í tónsmíðum og tónfræði við Konservatoríuna í Vínarborg (1987 - 1992). Tryggvi starfaði sem kennari í tónsmíðum og ýmsum tónfræðagreinum við Tónlistarskólann í Reykjavík og tónlistardeild LHÍ frá stofnun hennar þar til hann tók við stöðu deildarforseta árið 2014. Verk Tryggva hafa verið flutt víða um heim og hefur hann hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín. Árið 2008 var Tryggvi valinn heiðurslistamaður Álftaness.

Carl Orff: Carmina Burana

Carl Orff (1895-1982) fæddist í München í Þýskalandi árið 1895. Hann hóf ungur að semja tónlist í síðrómantískum anda en sneri algjörlega við blaðinu skömmu fyrir fertugt þegar hann hóf að semja „leikræna kantötu“ við forn bæversk kvæði – Carmina Burana. Hann gjörbreytti þá stíl sínum og afturkallaði öll fyrri verk. Hann bjó til tónmál sem einkenndist af þrástefjum, miklu slagverki, kirkjutóntegundum og háu raddsviði söngvaranna. Kvæðin sem höfðu þessi áhrif á tónskáldið voru frá 14. öld og fundust í klaustrinu Benediktbeuern í Bæjaralandi árið 1803. Þau eru flest á latínu en einnig á miðaldarþýsku og sum á miðaldafrönsku og fjalla um fallvaltleika lífsins, lystisemdir þess og helstu hættur, svo sem losta, ofát, drykkjuskap og fjárhættuspil. Kvæðin eru gamansöm og kaldhæðin en ekki síst erótísk og tvíræð. Tónverkið er í 25 köflum sem skiptast í inngang og þrjá meginhluta. Inngangurinn kallast Fortuna imperatrix mundi (Gæfan, drottari heimsins) og hefst á stefinu fræga O Fortuna, velut luna, statu variabilis (Ó þú Gæfa, hvíkul sem tunglið). Næst er komu vorsins lýst (Primo Vere) og síðan er brugðið á dans úti á engi (Uf dem Anger). Þá er haldið á krána þar sem ábótinn og drykkjubræður hans sitja að sumbli og loks er dvalið við hirð ástarinnar (Cour d'amours). Í lokabættinum hljómar upphafskórinn að nýju; hjól gæfunnar nemur staðar eftir að hafa skapað mönnunum örlög á hringferð sinni.

Gæfan, drottari heimsins (Fortuna imperatrix mundi)

1. Ó þú Gæfa (O Fortuna)

Ó, þú Gæfa, hvíkur sem tunglið,
ávallt vex þú og dvínar;
andstyggilega líf,
fyrst þjakar þú oss,
hlýðir því næst
þrámin okkar og óskum
ávallt duttlungafullt;
fátækt jafnt og völdum
eyðir þú sem ís.

Hræðileg og tómleg forlög,
þú skröltandi gæfuhjól
ert illt, heilsu spillir,
sem hún sé einskis virði;
hulið sjónum og falið
þú kvelur mig líka;
ég beygi mig fyrir grimmum
geðþótta þínum.

Forlögin eru nú andsnúin
minni heilsu og dyggðum,
tilfinningar og veikleikar
valda ávallt tárnum.
Á þessari stundu, án tafar
sláið titrandi strengina;
forlögin fella hina sterku,
syngið því með mér öll.

2. Ég harma Gæfunnar sár (Fortune plango vulnera)

Ég harma Gæfunnar sár
tárvotum augum,
því gjafir sínar
hún hrifsar burt óbilgjörn.
Satt er það sem ritað er,
að eina stundina
er höfuðið hári prýtt
aðra horfið allt.

Í hásæti Gæfunnar
ég sat, upphafinn,

krýndur blómsveig velgengni;
þótt ég hafi blómstrað,
hamingjusamur og blessaður,
hef ég nú fallið af tindinum
sviptur allri dýrð.

Gæfuhjólinu er snúið;
ég hrapa og minnka,
annar er hafinn hátt;
of hátt uppi
gnæfir konungurinn á toppnum –
megi hann varast valdarán!
Því neðan hjólsins við lesum:
Drottningin Hekúba

Vorkoman (Primo vere)

3. Vorið, glatt í bragði (Veris leta facies)

Vorið, glatt í bragði,
skálar fyrir heiminum,
harka vetrar nú flýr, sigruð.
Í sínum litríku klæðum
ríkir Flóra, hljómfagur skógurinn
fagnar henni með söng.

Í fangi Flóru á ný Föbus hlær,
Umkringdur litríkum blómum.
Sefíros andar hunangsilmi þeirra.
Flýtum okkur að keppa
um verðlaun ástarinnar.

Kvakar lag sitt fallega Fílómele,
björtu engin hlæja
þakin blómum,
hópur fugla flýgur
um fagra skóga,
kórsöngur yngismeyja
færir þúsundir gleðistunda.

4. Öllu stjórna sólin (Omnia sol temperat)

Öllu stjórna sólin hrein og mild,
nýjan heim birtir andlit apríls,
að ástinni snýr sér hjarta herrans
og yfir glöðum ríkir drengur guðaættar.

Þessi mikla endurnýjun
helgisiða vorsins og valda þess
hvetur okkur til að gleðjast;
það býður kunnuglegar leiðir
og á vori þínu er rétt og viturlegt
að halda þínum hjá þér.

Elskaðu mig af einlægni,
sjáðu traust mitt á þér:
með öllu hjarta og af öllum huga
ég er hjá þér
þegar ég er víðs fjarri,
hver sem elskar eins og ég
snýst á hjólinu.

5. Sjá hið indæla (Ecce gratum)

Sjá hið indæla og langþráða,
vorið færir gleði á ný.
Fjólublá blómabreiða á enginu,
sólin lýsir upp allt.
Verið ei sorgmædd,
sumar kemur,
nú hörfar kuldi og harka vetrar.

Nú bráðnar og hverfur
klakinn og snjórinn,
veturinn flýr
og vorið nærast við brjóst sumarsins.
Sá maður er vesæll
sem hvorki lifir né leikur sér
undir sumarhimninum.

Dýrð sé þeim og hamingja
sæt sem hunang sem leitast við
að njóta verðlauna Kúpdís.
Lútum valdi Venusar,
heill okkur hamingjusömum
jafningjum Parísar.

Á enginu (Uf dem Anger)

6. Dans (Tanz)

Hljómsveit

7. Skógurinn skryðist (Floret silva)

Skógurinn göfugi skryðist
blómum og laufi.
Hvar er minn gamli vinur?
„Hann reið á brott!”

Æ, hver mun elska mig?
Skógurinn skryðist allur.
Ég sakna ástarinnar minnar svo sárt.
Grænkar skógurinn allur,
hvað tefur ástvin minn?
„Hann er riðinn á brott!”
Æ, hver mun elska mig?

8. Kaupmaður, gef mér lit (Chramer, gip die varwe mir)

Kaupmaður, gef mér lit
til að roða kinnarnar,
svo að fyrir hjálp hans fái yngismenn
ei forðast mínar ástir.
Horfið á mig, ungu menn,
leyfið mér að heilla ykkur!

Elskist, góðu menn og
elskulegu konur!
Ástin mun göfga ykkur
og lykja heiðursljóma.
Horfið á mig, ungu menn,
leyfið mér að heilla ykkur!

Heill þér, veröld, því þú ert
svo gleðirík!
Ég mun víst vera þinn þegn,
vegna ævinlegrar gæsku þinnar.
Horfið á mig, ungu menn,
leyfið mér að heilla ykkur!

9. Hringdans (Reie)

Þær sem dansa hér í hringi
eru allar meyar.

Þær vilja ekki sjá menn allt sumarið
Komdu, komdu ástin mín,
ég bíð þín með eftirvæntingu,
ég bíð þín með eftirvæntingu,
komdu, komdu ástin mín.

Ljúfu, rósrauðu varir
komið og lífgið mig við,
komið og lífgið mig við,
ljúfu, rósrauðu varir.

10. Væri veröldin öll mín (Were diu werlt alle min)

Væri veröldin öll mín
frá hafi að ánni Rín,
myndi ég fúslega fórna henni
bara ef drottningin af Englandi
lægi í örmum mínum.

11. Brennandi innan (Estuans interius)

Brennandi að innan
í ofsareiði,
bitur þrefa
við huga minn:
gerður úr efni
frumefnið er aska,
ég er lafið
sem vindurinn leikur við.

Það er rétt
að vitur maður
byggir á bjargi
sinn grunn,
ég er flón líkt og
árstraumurinn,
sem aldrei rennur
í sama farvegi.

Ég er borinn áfram
líkt og skip án skipstjóra,
sveima líkt og flækingsfugl

um loftið,
mér halda engir fjötrar,
engir lásar,
ég leita að mínum líkum
og geng í lið með hinum spilltu.

Þyngsli hjarta míns
virðast mikil byrði;
gamanið er gott,
ljúfara en hunangskeimur;
hvað sem Venus býður,
er verkið ljúft,
hún gistir aldrei
latra manna hjörtu.

Á breiðum vegi ég geng
eins og ungir menn gera,
flæktur í spillingu,
hugsa ekki um heiður,
þrái heitar losta
en góða heilsu,
dauður í anda,
gái að líkamanum einum.

12. Eitt sinn var ég á vatni (Olim lacus colueram)

Steikti svanurinn syngur:
Eitt sinn var ég á vatni,
eitt sinn var ég fagur,
þegar ég var svanur.

Greyið, greyið!
Nú svartur
og illa brenndur.

Steikarteinninn snýst og snýst,
líkbálið skaðbrennir mig:
borinn fram af þjóni.

Greyið, greyið!
Nú svartur
og illa brenndur.

Ligg á silfurbakka
og get ei flogið burt,
sé skína í tennur.

Greyið, greyið!
Nú svartur
og illa brenndur.

13. Ég er ábóti (Ego sum abbas)

Ég er ábótinn í Nautnalandi
og biðst fyrir með drykkjufélögum mínum
í reglu fjárhættuspillaranna
og hver sem leitar þjónustu minnar að
morgni á kránni
fer nakinn út að kvöldi
og þannig klæðlaus mun hann kalla:

Wafna, wafna!
Hræðilegu forlög, hvað hafið þið gert?
Alla gleði lífs míns hafið þið tekið frá mér!

Hirð ástarinnar (Cour d'amours)

14. Þegar við erum á kránni (In taberna quando sumus)

Þegar við erum á kránni
hugsum við ekki um dauðann
heldur setjumst að spilaborðinu
og svitnum yfir því lengi.
Hvað gerist á kránni
þar sem peningarnir þjóna til borðs?
Syrðu að því hér og nú:
ef ég segi þér, skaltu hlusta!
Sumir spila, sumir drekka
sumir lifa á nöfinni.
En af þeim sem spila áfram
tapa sumir öllu, sumir halda fötunum
og sumir klæðast tötrum.
Þar enginn hræðist dauðann
heldur hunsar allt fyrir Bakkus.

Fyrst er borgað fyrir vínið
sem flagararnir drekka.
Svo skála þeir tvisvar fyrir föngum,
þeir skála þrisvar fyrir þeim sem lifa,
fjórum sinnum er skálað fyrir kristnum,
fimm sinnum fyrir hinum trúföstu látnu,

sex sinnum fyrir hégómlegum systurum,
sjö sinnum fyrir hermönnum í skógi.
Átta sinnum fyrir spilltum bræðrum,
níu sinnum fyrir tvístruðum munkum
tíu sinnum fyrir þeim sem sigla sigla,
ellefu sinnum fyrir þeim sem rífast,
tólf sinnum fyrir þeim sem iðrast,
þrettán sinnum fyrir ferðalöngum,
Ekki jafn oft fyrir páfa og fyrir kóngi,
drekka allir í óhófi.

Drekkur frúin, drekkur herrann,
drekkur hermaður, drekkur klerkur,
drekkur maðurinn, drekkur konan,
drekka þrællinn og ambáttin,
drekkur sá skjóti, drekkur sá lati,
drekkur hvítur, drekkur svartur,
drekkur kjurr, drekkur reikull,
drekkur durgur, drekkur lærður.
Drekkur fátækur og veikur,
drekkur útlagi og óþekktur,
drekkur drengur, drekkur karl,
drekka biskupinn og djákninn,
drekkur systir, drekkur bróðir,
drekkur kerla, drekkur móðir,
drekkur þessi, drekkur hinn,
drekka hundruð, drekka þúsund.
Sexhundruð smápeningar
duga ekki fyrir þessu hófleysi,
þegar allir drekka um of.
Þótt drykkja okkar sé glaðvær
verða alltaf einhverjir til að kvarta
og við verðum auralausir áfram.
Megi þeir sem hrella okkur
vera ráðvilltir
og aldrei skráðir í bók hinna réttlátu.

Íó! Íó! Íó! Íó! Íó! Íó! Íó! Íó! Íó!

15. Amor flýgur um (Amor volat undique)

Amor flýgur um, fangaður af þrá.
Ungir menn og konur
sameinast réttilega.
Ef konu skortir mann

skortir hana líka alla gleði:
ein má hún, um miðja nótt,
gæta hjarta síns vel:
þetta eru hin bitrustu örlög.

16. Dagur, nótt og allt annað (Dies, nox et omnia)

Dagur, nótt og allt annað
eru á móti mér,
skvaldur ungmeyja
grætir mig;
oft ég andvarpa verð óttasleginn.

Ó, vinir, leikið ykkur,
segið það sem ykkur sýnist,
hlífið mér hryggum, sorg mín er mikil.
Ráðleggið mér þó, í góðvild ykkar.
Fagurt andlit þitt
grætir mig þúsund sinnum,
brjóst þitt er klaki.
Lækningin: endurlífga mætti mig strax
með kossi.

17. Stúlkan stóð (Stetit puella)

Stúlkan stóð í rauðum kjól;
snerti einhver kjólinn
mun skjáfa í honum.
Eia.

Stúlkan stóð sem lítil rós;
andlitið geislandi,
munnur hennar blómstrandi.
Eia.

18. Í brjósti mér (Circa mea pectora)

Í brjósti mér tek ég andköf
yfir fegurð þinni, hún særir mig djúpt.

Manda liet, manda liet,
ástin mín kemur ei.

Augu þín eru björt sem sólargeislar,
sem glampi eldingarar lýsir upp
nóttina.

Manda liet, manda liet,
ástin mín kemur ei.

Megi Guð og guðirnir veita
það sem ég hef hugsað mér:
að ég megi losa hana
úr fjötrum meydómsins.

Manda liet, manda liet,
ástin mín kemur ei.

19. Ef piltur og stúlka (Si puer cum puellula)

Ef piltur og stúlka
dvelja í litlu herbergi
hamingjusöm saman
vex ástin jafnt og þétt
á milli þeirra;
öll feimni er á brott,
ólýsanlegur leikur hefst
fótleggja þeirra, arma og vara.

20. Kom, kom, komdu (Veni, veni, venias)

Kom, kom, kom, komdu,
lát mig ekki deyja,
hyrca, hyrce, nazaza, nazaza,
trillirivos, trillirivos, trillirivos.

Fagurt er andlit þitt,
skarpa augnaráðið þitt,
flétturarnar í hárinu,
ó, hve skýr er þín ásjóna!
Rauðari en rósinn, hvítari en liljan,
fegurri en allt sem er,
ávallt af dýrð þinni stoltur.

21. Á metaskálum (In trutina)

Á metaskálum efans
vega andstæðurnar salt:
lostafull ást og hreinlífi.
En ég kys það sem ég sé,
beygi mig undir okið;
ljúft er okið sem ég gef mig á vald.

**22. Nú er glatt á hjalla
(Tempus est iocundum)**

Nú er glatt á hjalla,
stúlkur,
nú gleðjist með okkur,
strákar

Ó, ó, ó,

hvað ég lifna við af nývakinni þrá,
brenn af ást, því dey ég.

Loforð mitt færir mér dug,
Hugleysið dregur úr mér kjark.

Ó, ó, ó...

Um vetur er maðurinn tregur til,
að vori er hann lostafullur.

Ó, ó, ó...

Ég er á milli tveggja elda;
er ung stúlka
og það skelfir mig
og hræðir í senn,
er svo óttalega einföld.

Ó, ó, ó...

Komdu ástin mín með gleði,
kom, kom mín fagra, nú dey ég.

Ó, ó, ó...

**Blankiflúr og Helena
(Blanziflor et Helena)**

**24. Heill þér, fegurst kvenna
(Ave formosissima)**

Heill þér, fegurst kvenna,
dýrmæta gersemi,
heill þér, dyggðum prýdda mæ, r,
dýrðlega mæ, r,
heill þér, ljós heimsins,
heill þér, rós heimsins,

Blankiflúr og Helena,
göfuga Venus.

25. Ó þú Gæfa (O Fortuna)

Ó, þú Gæfa hvikul sem tunglið
ávallt vex þú og dvínar;
andstyggilega líf,
fyrst þjakar þú oss,
hlýðir því næst
þrám okkar og óskum
ávallt duttlungafullt;
fátækt jafnt og völdum
eyðir þú sem ís.

Hræðileg og tómleg forlög,
þú skröltandi gæfuhjól
ert illt, heilsu spillir,
sem hún sé einskis virði;
hulið sjónum og falið
þú kvelur mig líka;
ég beygi mig fyrir grimmum
geðþótta þínum.

Forlögin eru nú andsnúin
minni heilsu og dyggðum,
tilfinningar og veikleikar
valda ávallt tárur.
Á þessari stundu, án tafar
sláið titrandi strengina;
forlögin fella hina sterku,
syngið því með mér öll.

Þýðandi:

Katrín Vilborgardóttir Gunnarsdóttir

Um flytjendur

Baldvin Ingvar Tryggvason stundaði nám í klarínnettuleik við Tónlistarskóla Álftaness, Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Kennarar hans voru Kjartan Óskarsson og Einar Jóhannesson. Haustið 2014 hóf Baldvin nám við Royal College of Music í London, þar sem hans helstu kennarar voru Barnaby Robson, Richard Hosford og Michael Collins. Sumarið 2016 útskrifaðist hann með ágætiseinkunn frá skólanum. Baldvin hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, BBC Symphony Orchestra, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Cambridge City Symphony Orchestra. Í janúar 2014 var hann einn af sigurvegurum keppinnar Ungir einleikarar og lék hann klarínnettukonsert eftir Aaron Copland með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Baldvin er einnig meðlimur í kammersveitinni Elju.

Sólveig Sigurðardóttir sópran hóf söngnám við Tónskóla þjóðkirkjunnar hjá Jóni Þorsteinssyni árið 2006 og síðar hjá sama kennara og Charlotte Margiono við Het Utrechts Conservatorium í Hollandi, þaðan sem hún lauk B. Mus.- gráðu árið 2013. Sólveig stundaði áfram söngnám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Hlín Pétursdóttur og Þórunni Guðmundsdóttur og meistaranám við Listaháskóla Íslands í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi (NAIP) með söng sem aðalgrein. Hún lauk prófi frá LHÍ árið 2018. Sama ár hlaut hún tvenn verðlaun í söngkeppninni Vox Domini. Þá var Sólveig á meðal fjögurra söngvara sem valdir voru til að taka þátt í Nordic masterclass hjá Gittu-Mariu Sjöberg og Jorma Panula í Sønderborg í Danmörku í júní 2019.

Þorsteinn Freyr Sigurðsson tenór stundaði söngnám hjá Elísabetu Erlingsdóttir við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands og síðan meistarnám við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Hann kom nokkrum sinnum fram í Óperustúdíói Íslensku óperunnar og söng hlutverk Don Ottavios í uppfærslu Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins á *Don Giovanni*. Hann söng Heimdall í uppfærslu hljómsveitarinnar og Háskólakórsins á *Þrymskviðu* eftir Jón Ásgeirsson. Þorsteinn Freyr var fastráðinn við óperuna í Ulm í Þýskalandi frá 2014-2017 þar sem hann söng m.a. hlutverkin Camille de Rossillon í *Hamingjusömu ekkjunni* eftir Franz Lehár, Eurimaco í *Il ritorno d'Ulisse in patria* eftir Monteverdi og Ferrando í *Così fan tutte* eftir Mozart. Þorsteinn starfar nú á Íslandi við söng, söngkennslu og kórstjórn.

Guðmundur Karl Eiríksson barítón hóf söngnám í Söngskólanum í Reykjavík árið 2011 undir leiðsögn Garðars Thors Cortes. Árið 2015 færði hann sig yfir til Kristjáns Jóhannssonar í Söngskóla Sigurðar Demetz. Árið 2018 lauk hann masters-diplómu á Ítalíu undir leiðsögn Renato Bruson. Guðmundur hefur komið fram á tónleikum hér á Íslandi sem og á Ítalíu og fór með hlutverk Schaunard úr *La bohème* á Rimini á Ítalíu árið 2017. Hann söng hlutverk Þórs í uppfærslu Ungfóníu og Háskólakórsins árið 2018 á *Þrymskviðu* eftir Jón Ásgeirsson.

Sigurður Helgi Oddsson píanóleikari lék með Háskólakórnum á æfingum. Hann lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum á Akureyri. Á árunum 2008 til 2011 stundaði hann tónlistarnám við Berklee College of Music í Boston og lauk þaðan B. Mus. gráðu í píanóleik, hljómsveitarstjórn og kvikmyndatónsmíðum. Sigurður starfar nú sem meðleikari, stjórnandi og tónlistarkennari.

Háskólaakórinn var stofnaður haustið 1972. Kórinn hefur frá upphafi sungið við helstu samkomur Háskóla Íslands auk þess að halda sjálfstæða tónleika. Í kórnum syngja nemendur úr öllum deildum og öðrum menntastofnunum á háskólastigi, íslenskir sem erlendir. Kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra verka og kynnt þau innanlands og utan. Kórinn gaf út árið 2011 geisladiskinn *Álfavísur* í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands og fyrir jólin 2015 kom út geisladiskurinn *Kvöldlokka* með íslenskum verkum, m.a. eftir Jórunni Viðar, Jón Leifs, Þóru Marteinsdóttur og Báru Grímsdóttur. Sinfóníuhljómsveit unga fólksins leikur með á disknum að hluta. Kórinn tók þátt í kórakeppni í Tékklandi vorið 2017 og vann þar til tvennra gullverðlauna. Sumarið 2019 tók kórinn þátt í kórakeppni í Finnlandi og vann þar til þrennra silfurverðlauna. Gunnsteinn Ólafsson hefur stjórnað kórnum frá árinu 2007.

Drengjakór Reykjavíkur var stofnaður árið 1990 af Ronald Turner, þáverandi organista Laugarneskirkju. Kórinn syngur tónlist af ýmsum toga, bæði trúarlega og veraldlega, gömul lög og ný. Núverandi stjórnandi kórsins er Þorsteinn Freyr Sigurðsson.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungfónía, var stofnuð haustið 2004 af nemendum við LHÍ og Tónlistarskólann í Reykjavík ásamt Gunnsteini Ólafssyni. Hljómsveitin er skipuð 40 - 50 nemendum úr LHÍ, tónlistarskólum af höfuðborgarsvæðinu og við tónlistarháskóla erlendis á aldrinum 13-25 ára. 37 einleikarar og 47 einsöngvarar hafa komið fram með hljómsveitinni. Meðlimir hljómsveitarinnar eru jafnan nemendur á lokametrum framhaldsnáms erlendis eða eru nýkomin heim frá námi. Hljómsveitin hefur frumflutt 15 ný íslensk verk, þar á meðal nýja gerð óperunnar Þrymskviðu eftir Jón Ásgeirsson. Á meðal erlendra verka sem hljómsveitin hefur frumflutt hér á landi eru óperan *Freischütz* eftir Weber, *Sea Symphony* fyrir kór og hljómsveit eftir Vaughan Williams og sinfóníska kór- og hljómsveitarverkið *Lobgesang* eftir Mendelssohn. Ungfónía hefur oft fengið Háskólaakórinn til liðs við sig í stórum verkefnum. Hljómsveitin var valin tónlistarhópur Reykjavíkur árið 2016. Hún nýtur stuðnings Reykjavíkurborgar, Tónlistarsjóðs og Seðlabankans.

Gunnsteinn Ólafsson er stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins og Háskólaakórsins. Hann stofnaði kór við Menntaskólann í Kópavogi 17 ára gamall haustið 1979 og heldur því upp á 40 ára kórstjóraafmæli sitt um þessar mundir. Gunnsteinn stundaði nám í tónsmíðum við Franz Liszt-tónlistarakadémíuna í Búdapest og í hljómsveitarstjórn við Tónlistarshákólann í Freiburg í Þýskalandi. Hann starfar jöfnum höndum sem kór- og hljómsveitarstjóri, tónlistarkennari við LHÍ og MÍT sem og tónskáld. Þá hefur hann gefið út barnabækur og skrifað bókina *Hjarta Íslands* um hálendi landsins. Ævintýraópera Gunnsteins og Böðvars Guðmundssonar *Baldursbrá* var frumsýnd í Hörpu árið 2015.

Háskólaakórinn þakkar rausnarlegan styrk frá Háskóla Íslands. Styrktaraðilar Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins eru Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóður og Seðlabankinn. Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Háskólaakórinn þakka Tónskóla Sigursveins og Neskirkju fyrir aðstöðu til æfinga. Tónlistarskóla FÍH, Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, MÍT, Brjáni Ingasyni og Súsönnu Friðriksdóttur er þakkað lán á hljóðfærum.

Háskólaþórinn

Sópran

Agnes Andrésdóttir
Alina Kretzer
Anna Bjarnsteinsdóttir
Anna Guttormsdóttir
Anna Magdalena Vestfjörð
Arngunnur Einarsdóttir
Áslaug Aðalsteinsdóttir
Eygló Fjóra Jóhannesdóttir

Franziska Hoffmann
Guðrún Herdís Arnarsdóttir
Hanna K. Knútsdóttir Toven
Hannah Schnee
Hulda María Albertsdóttir
Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir
Lilja Ragnheiður Einarsdóttir
Margrét Snorraddóttir

Mirjam Särnbratt
Rán Finnsdóttir
Rebekka Marteinsdóttir
Svana Björg Eiríksdóttir
Unnur Helga Vífilisdóttir
Vigdis Madsen

Alt

Agnes Anna Garðarsdóttir
Ástrós Óskarsdóttir
Björk Gísladóttir
Carina Eckardt
Diljá Þorkelsdóttir
Elianne Bruin
Elsebeth K. M. Vang
Freydís Halldórsdóttir

Guðrún Þorkelsdóttir
Hildur Hjartardóttir
Ingibjörg Marie Elefsen
Íris Árnadóttir
Ísól Lilja Róbertsdóttir
Katla Jóhannudóttir
Maëva Herriau
María Björk Gunnarsdóttir

Maud Johanneke Smit
Sophie Kass
Una Bergsteinsdóttir
Una Kamilla Steinsen
Urður Gunnsteinsdóttir
Védís Mist Agnadóttir
Victoire Arnoult

Tenór

Atli Steinn Hrafnkelsson
Arnar Númi Sigurðarson
Davíð K. Scheving Viðarsson
Freyr Melsteð Jóngeirsson
Gunnar Hlynur Úlfarsson

Ólafur Werner Ólafsson
Ragnar Pálsson
Rökkvi Hlér Ágústsson
Sigurður Ívar Jónsson
Snorri Björn Magnússon

Thomas Hammel
William Chua Reynera
Þórbergur Bollason

Bassi

Ágúst Guðnason
Árni Bjarnsteinsson
Doruk Beyter
Emil Agnar Sumarliðason
Garðar Sigurðarson
Greipur Garðarsson

Guðlaugur Vignir Stefánsson
Hringur Árnason
Ísak Ólafsson
Jens Arinbjörn Jónsson
Matthias Hartge
Nicholas Borbély

Orri Jónsson
Ólafur Þórsson
Páll Jónsson
Sébastien Matlosz
Stefan Sand Groves
Tryggvi Pálsson

Félagar úr Drengjakór Reykjavíkur

Eron Thor Jónsson
Ingvi Daníel Pétursson

Ólafur Þórarinnsson
Matthías Orri Ingvason

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

1. fiðla

Ekaterina Vashkevicha
konsertmeistari
Hrefna Berg Pétursdóttir
Tómas Vigur Magnússon
Júlíana Valborg Þórhallsdóttir
Hlíf Bente Sigurjónsdóttir
Justyna Bidler
Pascal La Rosa

2. fiðla

Fanney Comte
Bergdís Rúnarsdóttir
Þórunn Árnadóttir
Selma Elísa Ólafsdóttir
Júlía Guðmundsdóttir
Íris Torfadóttir
Magnús Torfason

Víola

Jakob Máni Eiríksson
Schimmelman
Bríet Finnisdóttir
Katrín Arndísardóttir
Eydís Ýr Rosenkjær

Selló

Sólveig Aðalbjört
Guðmundsdóttir
Skúli Þór Jónasson
Oddný Árnadóttir
Rún Árnadóttir
Arnar Geir Halldórsson

Kontrabassi

Jón Hörður Jónsson
Jóhannes Georgsson

Flauta

Karen Jóna Steinarsdóttir
Sæbjörg Eva Hlynisdóttir

Piccoloflauta

Dagbjört Erla Kjartansdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Andreas Gähwiler

Enskt horn og óbó

Gunnar Þorgeirsson

Klarinett

Símon Karl Sigurðarson
Ásdís Birta Guðnadóttir

Bassaklarinett og es-klarinet

Eyrún Þóra Sigurjónsdóttir

Fagott

Guðrún Erlendsdóttir
Hafey Lilja Hreinsdóttir

Kontrafagott

Berglind Bjarnadóttir

Horn

Guðmundur Andri Ólafsson
Þórunn Eir Pétursdóttir
Ágústa Línal
Atli Sigurðsson

Trompet

Egill Ýmir Rúnarsson
Glóey Guðmundsdóttir
Yrja Sóley Szabó

Básúna

Aurora Erika Luciano
Steinn Völundur Halldórsson
Árni Pétur Árnason

Túba

Jóhanna Laufey
Kristmundsdóttir

Píanó

Guðný Charlotta Harðardóttir

Selesta

Matthías Harðarson

Harpa

Senia Guðmundsdóttir

Pákur

Örvar Erling Árnason

Slagverk

Bjarki Steinn Aðalsteinsson
Breki Freysson
Magnús Már Garðarsson
Kjartan Guðnason
Árni Áskelsson

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

Tónastöðin býður upp á
mikið úrval hljóðfæra og
nótnabóka og leggur
áherslu á góða og
persónulega
þjónustu.

Hjá okkur
færðu faglega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

 www.facebook.com/tonastodin